



STRÖNDABYGGÐ
SÖL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKENNAÐI RÖÐULL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Ársfundur 29.09.20

Ársfundur Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs. (BDRS), var haldinn 29. september 2020 og var um fjárfund að ræða.

Formaður, Kristján Sturluson, setti fundinn um kl. 17.05, bauð fundarmenn velkomna og bað síðan fundarstjóra, Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttir að taka við fundarstjórn. Þorgeir Pálsson ritaði fundargerð.

Sveitarstjórnarfélagi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga hafði verið boðið á fundinn, sem og slökkviliðsstjóra, Ívari Erni Þórðarsyni.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð. Fundurinn hófst svo á dagskrá samkvæmt 9. gr stofnsamnings. Tvö mál voru á dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Fjárhagsáætlun 2021

1. Skýrsla formanns

Formaður rakti aðdraganda stofnunar samlagsins í tengslum við gerð brunavarnaráætlunar 2018. Stofnsamningurinn byggir á fyrirmynd frá SHS en var yfirfarinn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu áður en hann var staðfestur af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Byggðasamlagði var stofnað sumarið 2019 og staðfest í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Í framhaldinu var ráðinn slökkviliðsstjóri; Ívar Örn Þórðarson.

Stjórn BDRS er skipuð framkvæmdastjórn sveitarfélaganna og skipta þeir með sér verkum. Eftir þennan fund verður verkaskipting á þá veru að formaður verður Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, ritari Kristján Sturluson og gjaldkeri Þorgeir Pálsson.

Mótun og uppbygging byggðasamlagsins hefur verið lærdómsríkt ferli. Haldnir hafa verið alls fimm formlegir fundir en margt rætt óformlega þess utan.

Helstu verkefni hafa verið; gerð brunavarnaráætlunar, mótun og skipan varðstjóra slökkviliðanna og gerð vaktaplans eða stjórnendavaktar, samkvæmt reglugerð 747 frá 2008, sem kveður á um að slökkvilið skuli hafa bakvakt alla daga, allan sólarhringinn allt árið.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKENNAÐI RÓSKILL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



Slökkviliðsstjóri er eini starfsmaður BDRS. hans hlutverk er m.a. að samhæfa starfsemi einstaka slökkviliða, sem eru sjálfstæðar einingar innan hvers sveitarfélags.

Nokkur umræða spannst á fundinum varðandi mikilvægi starfsanda, samhæfingar og almennra samskipta milli aðila. Ljóst er að Covid-19 hefur sett verulegt strik í reikninginn, en engu að síður er það eitt megin verkefni slökkviliðsstjóra að efla starfsanda og samvinnu slökkviliða. Var það mál manna að nokkuð væri í land hvað þessa samvinnun eininga varðar.

2. Fjárhagsáætlun

Slökkviliðsstjóri, Ívar Örn Þórðarson, rakti helstu verkefni. Fram kom að Covid-19 hefur raskað áformun og því er mikilvægt að efla rafræn samskipti og óformleg samskipti að auki, þannig að einingarnar upplifi sem hluta af heildinni.

Fjárhagsáætlunin fyrir 2021 hljóðar upp á kr. 25.706.000.- sem skiptist á sveitarfélögin í samþykktum hlutföllum. Af þessum kostnaði er vaktaálag rúmar 8.5 milljónir. Tekjur af starfi slökkviliðsstjóra færast inn sem tekjur og lækka framlög sveitarfélaganna.

Brunavarnaráætlun er í vinnslu en er ekki komin á þann stað sem vænta mátti. Markmiðið er að skila lokaeintaki fyrir áramót og að það eintak taki gildi 1. janúar 2021. Rætt var um æfingaplan, stöðu og mönnunarvanda varðstjóra hjá Strandabyggð og Reykhólum, eldvarnareftirlit og forvarnir. Slökkviliðsstjóri sagði að árið hefði verið spennandi og lærdómsríkt.

Nokkur umræða spannst um gerð brunavarnaráætlunarinnar og er ljóst að væntingar sveitarfélaganna eru talsverðar. Sá ávinningur sem átti að felast í samstarfinu í BDRS, snýr að gerð brunavarnaráætlun en einnig að aukinni samvinnu og eflingu starfsanda eininga. Ljóst er að þarna er nokkuð í land og mikilvægt að standa saman í að ljúka þessum verkefnum.

Fjárhagsáætlun liggur nú fyrir og þarf staðfestingar frá sveitarstjórnnum í samræmi við stofnsamninginn, sem og brunavarnaráætlun þegar lokadrög til kynningar verða tilbúin.

Allir voru sammála um að samstarfið sé nú loks orðið að veruleika. Það tekur sinn tíma að slípast til, en mikilvægt sé efla liðsheildina. Í því felist ávinningur samstarfsins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.00

Kristján Sturluson
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Þorgeir Pálsson
Ívar Örn Þórðarson

Hólmavík 9.11.20 / Þorgeir Pálsson